

fá vinnu, fyrr en raun varð á. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um bætur fyrir missi vinnulauna.

Í títtnefndum félagsdómi var uppsögn á stefnanda talin ólög-mæt. Þykir stefnandi því hafa unnið rétt til miskabóta, og þykja þær með hliðsjón af málavöxtum öllum hæfilega metnar kr. 5.000.00. Þá ber stefnda að greiða 7% ársvexti af kr. 5.000.00 frá 13. júlí 1966 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Veitingahúsið Naust h/f, greiði stefnanda kr. 5.000.00 ásamt 7% vöxtum frá 13. júlí 1966 til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 2.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. apríl 1971.

Nr. 210/1970. **Haukur Jónasson**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Trausta Hauki Óskarssyni og gagnsök

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Iðnnámssamningur. Kaup iðnnema. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór Þ. Jónsson setudómari hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 18. nóvember 1970. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir gerðardómi, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. nóvember 1970. Hann hafði fengið gjafsókn í héraði og fékk gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 25. febrúar 1971. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms að öðru en því, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir gerðardómi og í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rækilega rakin í héraðsdómi. Gerðardómsúrskurðurinn var birtur 9. janúar 1967, en héraðsdómsstefna 6. febrúar s. á. Skilyrðum niðurlagsákvæðis 38. gr. laga nr. 68/1966 var því fullnægt.

Aðaláfrýjandi hefur uppi kröfur og málsástæður umfram það, sem hann bar fram í héraði. Hann hefur eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, og koma þessi atriði því eigi til álita í Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að ársvextir ákveðast 7%, og um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, er renni til ríkissjóðs.

Í skiptum aðilja ber aðaláfrýjanda að greiða þóknun með dómsmanna í greindum gerðardómi.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans, samtals kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Haukur Jónasson, greiði gagnáfrýjanda, Trausta Hauki Óskarssyni, kr. 26.501.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1962 til greiðsludags.

Í skiptum aðilja ber aðaláfrýjanda að greiða þóknun með dómsmanna í greindum gerðardómi, samtals kr. 7.000.00.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir

Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, er renni til ríkissjóðs.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 20. ágúst 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. júlí s.l., var höfðað fyrir bæjarþinginu af Trausta Hauki Óskarssyni, Fellsmúla 4, Reykjavík, gegn Hauki Jónassyni húsgagnabólstrameistara, Túngötu 16, Siglufirði, með stefnu, útgefinni 6. febrúar 1967 og birtri sama dag.

Mál þetta var úrskurðað af gerðardómi samkvæmt 38. grein laga nr. 68/1966, og var úrskurður gerðardóms svohljóðandi: „Varnaraðili, Haukur Jónasson, greiði sóknaraðila, Trausta Hauki Óskarssyni, kr. 2.000.00 auk 8% ársvaxta frá 1. febrúar 1962 til greiðsludags.

Sóknaraðili, Trausti Haukur Óskarsson, greiði þóknun með dómsmanna, kr. 3.500.00 til hvors.

Úrskurði þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum“.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að úrskurði þessum verði hnekkð og stefnda gert að greiða honum kr. 26.501.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1962 til greiðsludags, málskostnað fyrir gerðardómi og héraðsdómi svo og þóknun meðdómsmanna í gerðardóminum.

Stefndi hefur með bréfi dómsmálaráðherra 25. febrúar 1967 fengið gjafsókn í málinu, en hefur við flutning málsins gert þá réttarkröfu, að málskostnaður verði tildæmdur, eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða.

Kröfu sína telur stefnandi byggða á því, að stefndi hafi ekki greitt honum kaup og skólakostnað, eins og honum bar, vegna húsgagnabólstrunarnáms stefnanda hjá stefnda á árunum 1958 til 1962.

Stefndi gerir þær kröfur, að staðfest verði niðurstaða gerðardóms í málinu og að hann verði að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati dómsins.

Hinn reglulegi dómari vék sæti í málinu, þar sem hann hafði tekið þátt í afgreiðslu þess fyrir gerðardómi, og var Halldór Þ. Jónsson skipaður setudómari í málinu.

Málavextir eru þessir:

Með námssamningi, dagsettum 1. október 1958, réðst stefnandi til náms í húsgagnabólstrunariðn hjá stefnda. Samkvæmt samningi, sem gerður er á venjulegt prentað form og undirritaður af stefnda, stefnanda og föður stefnanda, skyldi námstíminn hefjast hinn 1. október 1958 og vera lokið hinn 1. október 1962. Lágmarkskaup nemanda var ákveðið í samningnum miðað við tímakaup sveina, eins og það er á hverjum tíma, á 1. ári 35%, á 2. ári 40%, á 3. ári 45% og á 4. ári 50%.

Samningur þessi er staðfestur af iðnfulltrúanum á Norðurlandi með áritun hans, dags. 28. júlí 1959, og jafnframt er svohljóðandi áritun gerð á samninginn af iðnfulltrúanum sama dag: „Nemandinn hefir lokið iðnskólaprófi, og er því heimilt að stytta náms tíma hans um 8 mánuði frá því, er segir í samningi þessum“.

Samkvæmt þessu lauk stefnandi námi hinn 1. febrúar 1962 og tók sveinskaup frá þeim tíma.

Í vottorði, sem fram hefur verið lagt, undirrituðu af skólastjóra Iðnskólans í Siglufirði, segir, að samkvæmt bókum skólans hafi Haukur Óskarsson „stundað nám í skólanum sem hér segir:

Í 2. bekk 1956 til 1957.

Í 3. bekk 1957 til 1958.

Lauk burtfararprófi úr 4. bekk 1958 til 1959. Þann vetur lauk hann fagteikningu, og voru 48 tímar með prófi. Skólinn er síðdegisskóli (4 til 7 s. d.) og starfar um 5½ mánuð á vetri“.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Vikukaup í 35 vikur á 4. árs kaup, kr. 1.303.03

á viku kr. 22.803.00

2. Skólagjald — 1.000.00

3. Bókakostnaður, áætlaður — 1.000.00

4. Sjúkrasamlagsgjald í 8 mánuði — 432.00

5. Almennatryggingagjald — 1.266.00

Kr. 26.501.00

Um lið 1.

Kröfu sína um 35 vikna eða 8 mánaða laun byggir stefnandi á 30. grein reglugerðar nr. 130/1952, sbr. reglugerð nr. 93/1960 um iðnfræðslu, um, að hafi nemandi áður lokið námi í iðnskóla

eða ljúki því á styttri tíma en 4 árum, beri meistara að greiða honum í peningum það, sem meistari hefði að öðrum kosti þurft að greiða hans vegna í skólakostnað. Nemi eigi rétt á að vera fjarverandi vegna skólagöngu allt að 8 mánuðum á nema-kaupi, miðað við 48 mánaða námstíma. Stefnandi telur, að skýra beri ákvæði greinarinnar rúmt, þannig að ekki sé aðeins miðað við beinan kostnað vegna skólagöngunnar, svo sem bækur, skólagjöld o. þ. l., heldur sé einnig átt við samningsbundið kaup. Stefnandi hafi þegar varið sínum eigin tíma kauplaust til iðnskólanámsins, sem hann hefði að öðrum kosti fengið greitt, ef hann hefði strax komiðt á námssamning. Ef skýra ætti ákvæði þetta þröngt, væri verið að stuðla óbeint að því, að meistarar tækju frekar til sín nemendur, sem lokið hefðu iðnskóla, þar sem slíkt væri þá fjárhagslegur ávinningur þeirra.

Stefnandi telur sig hafa fengið greitt samkvæmt samningi nemalaun í 3 ár og 4 mánuði og eigi hann því rétt á 8 mánaða launum á 4. árs kaup, sem sé hálf sveinslaun, eða kr. 1.303.03 á viku á miðju ári 1961.

Stefndi mótmælir kröfunni á þeim grundvelli, að stefnandi hafi átt að ljúka námi samkvæmt samningnum hinn 1. október 1962, en hafi vegna styttingarinnar komiðt á sveinakaup, þ. e. tvöfalt það kaup, sem hann hefði haft sem nemi, frá 1. febrúar 1962. Krafa hans um 8 mánaða nemalaun sé þannig að fullu greidd. Þá heldur stefndi því einnig fram, að iðnnám eigi alltaf að vera 4 ár og 8 mánuðir til skólanáms eigi aðeins við, þar sem um dagskóla sé að ræða. Þar, sem skólanámið sé styttra, eigi verknámið að vera þeim mun lengra.

Gerðardómur leitaði álits iðnfræðsluráðs um mál þetta, og í svarbréfi þess, dags. 25. ágúst 1966, segir, að þegar nemi ljúki iðnskólanámi utan námstíma, hafi sú venja skapast að stytta námstíma nemanda sem skólatíma nemur, eða um 2 mánuði fyrir hverja bekkjardeild, sem nemi lýkur utan samningsbundins námstíma. Þessi framkvæmd sé byggð á þeirri meginreglu iðnfræðslulaganna, að nemandi eigi aðeins að vinna meistara sínum þann tíma, sem hann ekki stundar iðnskólanám, og beri því sérstök greiðsla úr hendi meistara, ef lengur er unnið, sbr. Hrd. XXIII, bls. 368.

Með þessari framkvæmd, þ. e. að nemandi fái vegna styttingar námstímans greitt sveinskaup þeim mun fyrr sem styttingunni nemur, hafi verið litið svo á, að fullnægt sé af hendi meistara

þeim skyldum, sem áður greindur dómur Hæstaréttar leggur meisturum á herðar.

Þá hefur einnig verið lagt fram álit stjórnar Iðnnemasambands Íslands, dags. 8. október 1966. Þar segir, að stjórnin líti svo á, að framangreind túlkun iðnfræðsluráðs sé ekki rétt, þar sem nemi hafi lokið sínu skólanámi, áður en námssamningur var gerður. Það þýði, að nemi hafi ekki getað unnið, á meðan á því skólanámi stóð. Virðist því augljóst, að meistari hafi ekki uppfyllt þá skyldu, sem honum er lögð á herðar í 10. gr. reglugerðar um iðnfræðslu, að nemandi haldi kaupi sínu, á meðan hann stundar iðnskólanám. Þó hér sé um kvöldskóla að ræða, telur stjórnin, að það skerði ekki rétt nemans til launa fyrir þann tíma, sem stytting iðnfræðsluráðs hljóðar upp á. Verði eigi fram hjá því gengið, að iðnfræðsluráð meti kvöldskólanám til jafns við dagskólann, þegar ákvörðun er tekin um styttingu. Þá telur stjórnin einnig, að henni sé ekki kunnugt um, að hefð hafi skapast í slíkum tilfellum sem þessu.

Lagt hefur verið fram bréf frá Trésmiðjunni Víði h/f í Reykjavík, dags. 28. maí 1965, sem er svar við fyrirspurn frá stefnanda. Þar segir: „Ef iðnnemi er ráðinn á svokölluðu lærlingskaupi, sem er í samræmi við samninga sveinafélaganna, þá greiðum við þeim laun í allan þeirra skólatíma í iðnskólanum. Ef nemi hefir lokið einum eða fleiri bekkjum í skólanum, áður en hann kemur í verklega námið til okkar, þá eru honum einnig greidd laun fyrir allan þann tíma“.

Af því, sem nú hefur verið rakið, virðist mega ráða, að engin föst venja hafi skapast í þessum efnum. Í dómi Hæstaréttar, sem að framan er vitnað í, og þeirri túlkun iðnfræðsluráðs, að stytta beri námstímann um 2 mánuði fyrir hvern bekk iðnskóla, sem nemi lýkur utan samningsbundins námstíma, er gengið út frá því sem meginreglu, að námstími iðnnema, sem lögum samkvæmt er 48 mánuðir, skiptist í 8 mánaða skólavist og 40 mánaða vinnu hjá meistara.

Í 23. grein iðnfræðslulaga nr. 46/1949 og 10. grein reglugerðar um iðnfræðslu nr. 130/1952 er svo kveðið á, að nemi, sem stundar nám í dagskóla með fullum kennslustundum, haldi kaupi sínu, en mæti ekki til vinnu. Sé ekki um dagskóla að ræða, skal vinnutími nemenda á vinnustað vera 12 stundum styttri á viku, meðan á skólavist stendur. Það er því ljóst, að lögin gera ráð fyrir, að iðnnemar haldi fullum launum þann hluta námstímans, sem fer

til skólavistar, og að launakjör iðnnema yfir allan námstímann eru við það miðuð. Iðnnemi, sem lokið hefur iðnskólaprófi eða einhverjum hluta iðnnámsins, áður en hann kemst á samning hjá meistara, væri því verr settur með því að nota sinn eigin tíma án launa til skólanámsins og greiðslubyrði þess meistara, sem tæki slíkan nema, minni, nema sérstaklega væri tillit til þess tekið í námssamningi og laun hærri af þeim sökum, ef ekki væri viðurkennd sú regla, að meistara beri að greiða iðnnema laun fyrir þann tíma, sem fer til skólavistar, enda þótt þeirri skólavist sé lokið, áður en námssamningur er gerður.

Víkukaupsupphæð sú, er stefndi gerir kröfu til, hefur ekki verið vefengd, og ber því samkvæmt fransögðu að taka kröfulið þennan til greina, eins og hann er fram settur af stefnanda.

Um 2. og 3. lið.

Stefndi lagði fram kvittanir fyrir kr. 1.470.00, sem hann taldi sig hafa greitt stefnanda upp í þessa liði kröfunnar. Stefndi mótmælti þessum kvittunum og taldi þær vera fyrir öðrum greiðslum. Stefndi hefur við flutning málsins horfið frá fullyrðingu sinni um þetta atriði og boðið greiðslu á þessum liðum kröfunnar, sem einnig er í samræmi við kröfu hans um staðfestingu á úrskurði gerðardómsins.

Um 4. og 5. lið.

Samkvæmt 1. mgr. 17. greinar laga nr. 46/1949 er meistari skyldur að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar. Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið, ber einnig að taka þennan lið kröfunnar til greina.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til greiðslu þóknunar til meðdómsmanna fyrir gerðardómi, kr. 3.500.00 til hvors, og til greiðslu málskostnaðar, sem með tilliti til málsatvika þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Jónasson, greiði stefnanda, Trausta Hauki Óskarssyni, kr. 26.501.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1962 til greiðsludags, kr. 3.500.00 til hvors meðdómsmanna í gerðardómi, þeirra Knúts Jónssonar og Ármanns Jakobs-sonar, og kr. 8.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.